

**Sp.**

**261. Fyrirspurnir.**

[139. mál]

I. Til forsætisráðherra um lánveitingar úr Byggðasjóði.

Frá Jóni Skaftasyni.

- a. Hverjar voru heildarlánveitingar úr Byggðasjóði árin 1972, 1973 og 1974?
- b. Hvernig skiptust þær á kjördæmi?

II. Til samgönguráðherra um bættar vetrarsamgöngur.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hvað liður framkvæmd þingsályktunar frá 26. mars 1974 um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum og könnun á hagkvæmri og stórvirkri snjóruðningstækni?

III. Til samgönguráðherra um vetrarsamgöngur á Austurlandi.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvernig hyggst Vegagerð ríkisins bæta úr því ástandi, sem nú ríkir í samgöngumálum austfirðinga?
2. Hefur Vegagerð ríkisins uppi áform um nýjar vinnuaðferðir, þegar erfiðleikar eru mestir, svo sem rekstur fullkominna snjóhíla?
3. Á hvern hátt hyggst Vegagerð ríkisins í framtíðinni mæta erfiðleikum, svo sem þeim er nú hafa skapast á Austurlandi og víðar? Er einhver áætlanagerð þar að lútandi í gangi hjá stofnuninni?
4. Hefur samgönguráðuneytið kannað möguleika á betri samgöngum á sjó milli hafna á Austurlandi, þegar svo er ástatt sem nú?

IV. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsmál á Austurlandi.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

1. Hvað hugsar ráðherra sér að gera til að ráða bót á því ófremdarástandi, sem ríkjandi er í sjónvarpsmálum á Austurlandi?
2. Verða ekki gerðar ráðstafanir til að auka öryggi í rekstri endurvarpsstöðvarinnar á Gagnheiði? Hvenær má búast við slíkum umbótum?
3. Hvað er ráðgert að gera til þess að auka myndgæði í útsendingu á Austurlandi? Hvenær verða slíkar framkvæmdir gerðar?